

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2022-2023



Ársskýrsla Landgræðslusjóðs 2023

Landgræðslusjóður var stofnaður árið 1944 til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi. Hann er sjálfseignastofnun sem starfar eftir lögum nr. 19/1988 og staðfestri skipulagsskrá frá 2017. Á næsta ári verða því 80 ár frá stofnun hans.

Í upphafi var stjórn sjóðsins skipuð allri stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktarstjóra og landgræðslustjóra. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að fækka stjórnarmönnum frá Skógræktarfélagi Íslands niður í þrjá. Svo var í nokkur ár, en þá kom upp vandamál sem leyst var þannig að þrír skógræktarfélagar eru í stjórn, tveir úr stjórn Skógræktarfélags Íslands og einn fulltrúi kosinn af aðalfundi félagsins. Það var því árið 2017 sem Lydía Rafnsdóttir frá Skógræktar- og landverndarfélaginu undir jökli kom í stjórn sjóðsins og til vara er nú Hrefna Hrólfsdóttir frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri er varaformaður sjóðsins en hann mun hætta um áramótin. Árni Bragason, fyrrverandi landgræðslustjóri, hætti í júlí. Hann var ritari sjóðsins. Vil ég fyrir hönd okkar þakka þessum mönnum fyrir samstarfið, góð ráð og samvinnu. Í stjórninni eru svo fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands Jónatan Garðarsson formaður og Þuríður Yngvadóttir varaformaður, sem er formaður stjórnar sjóðsins og gegnir einnig framkvæmdastjórn hans. Þar sem til stendur að sameina Skógræktina og Landgræðsluna í eina stofnun, Land og Skógur, er augljóst að einhverjar mannabreytingar verða í stjórn Landgræðslusjóðs á næstunni. Ekki er búið að ákveða neitt í því sambandi en á meðan ekki er búið að ráða forstöðumann stofnunarinnar mun Birkir Snær Fannarson gegna starfi landgræðslustjóra og hefur nú þegar setið einn fund með okkur. Stjórnin heldur fundi eftir þörfum og í ár hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands situr einnig fundina og mæta menn ýmist á Teams eða í Þórunnartún.

Í lögum sjóðsins segir að ekki megi úthluta nema 90% af ávöxtun hvers árs. Sjóðurinn á jörðina Ingunnarstaði 1 í Brynjudal og veiðirétt í Brynjudaldalsá sem er leigð út. Að auki á sjóðurinn helming á móti Skógræktarfélagi Íslands í Þórunnartúni 6 þar sem skrifstofur Skógræktarfélags Íslands eru til húsa. Sjóðurinn á hátt í hálfan milljarð kr. inn á bókum, í verðbréfum og sjóðum í vörslu Arionbanka sem ávaxtar féð. Í fyrra var um 6% ávöxtun en hátt í 10% verðbólga þannig að ávöxtunin var neikvæð. Ekki er ólíklegt að þetta á verði svipað í ár. Eins og þið sjáið er verðbólgan mjög slæm fyrir okkur. Fyrir ári síðan seldum við tvær jarðir, Langabotn í Geirþjófsfirði og svo 1 ha og íbúðarhúsið að Ingunnarstöðum í Brynjudal. Í byrjun árs lokuðum við fræbankareikningnum, þar sem Taraldsøy verkefnið hafði ekki gengið upp og settum fjármunina í sjóðinn Jörð til ávöxtunar.

Þar sem engin var ávöxtunin hjá bankanum í ár ákvað stjórnin að nota fjármagnið fyrir fræbankann til úthlutunar í ár. Umsóknirnar voru 21 frá skógræktarfélagunum og einum einstakling. Úthlutað var rúmum 7 milljónum kr. til 20 félaga. Úthlutunina má sjá á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - skog.is.

Ársreikningurinn liggur frammi á netinu en helstu lykiltölur frá 2022 eru þær að rekstrartekjur voru 6.111.825 kr. Fjármuna- og fjármagnsgjöld voru 19.893.812 kr. og rekstrargjöld 17.856.735 kr. Meðalstaða vaxtarberandi eigna á árinu var 517.805.721 kr. að teknu tilliti til verðbréfasafnsins (Jarðar), annars 385.984.510 kr.

Nýtt skógræktarfélag, Skógræktarfélagið Ungviður, sóttist eftir landi til útplöntunar og létum við þau hafa landskika í Brynjudal í Ingunnarstaðalandi. Þau eru mjög áhugasöm og dugleg.

Í vor barst sjóðnum bréf frá lögfræðingi Práandarstaða í Kjós með beiðni frá ábúendum um að fjölga fénu á bænum úr 20 í 200 fjár. Fengum við Gísla Tryggvason til að vinna málið með okkur og höfum við mætt á nokkra fundi með honum. Málinu er ekki lokið.

Lokaorð

Fyrir fjörutíu árum fór ég að fá áhuga á skógrækt, en þá fór móðir mín með mig til Jóns í Skuld í Hafnarfirði sem var ömmubróðir minn (og afabróðir Magnúsar Gunnarssonar). Hann var þá um nírætt og búin að stunda skógrækt í Hafnarfirði í áratugi. Það eina sem þessi reynslubolti sagði við mig: Ekki fara í skógrækt nema þú sért búin að girða fyrir allar kindur. Þessi kynslóð var mjög svekkt yfir ágangi búfjár. Þetta hefur lítið breyst á þessum 40 árum nema þá að reistar hafa verið svokallaðar yfirbyggðagirðingar fyrir ofan stærstu sveitafélögin sem hindra að blóm og annar gróður sé étin úr görðum. Núna grillir í einhverjar breytingar, túristarnir hafa verið að keyra niður sauðfé á vegum úti og ekki er útlit fyrir að ferðamönnum fari fækkandi. Háværar raddir eru um að bændur girði sjálfir sitt sauðfé af þó það hljóti að verða þeim erfitt. Já, tilveran er alltaf að breytast einnig hjá okkur skógræktarfólki. Landgræðslusjóður hefur frá upphafi stutt við bakið á skógræktarfólki og mun áreiðanlega gera það áfram.

Ég vil f.h. Landgræðslusjóðs þakka skógræktarfélagunum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands og sérstaklega Landgræðslunni og Skógræktinni fyrir farsælt samstarf gegnum tíðina.

Aðalfundinum óska ég velfarnaðar.

Takk fyrir

Þuríður Yngvadóttir.